



# Ársskýrsla 2020

Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi



## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>2</b>
<b>A) Nemendur.....</b>	<b>2</b>
<i>Samsetning nemenda .....</i>	<i>2</i>
<i>Þróun nemendafjölda .....</i>	<i>3</i>
<i>Hlutfall nemenda eftir búsetu .....</i>	<i>3</i>
<i>Samsetning nemenda eftir aldri og kyni .....</i>	<i>4</i>
<b>B) Nám .....</b>	<b>4</b>
<i>Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat .....</i>	<i>4</i>
<i>Námsframboð.....</i>	<i>5</i>
<i>Skipting nemenda á námsbrautir.....</i>	<i>6</i>
<i>Brottfall, námsrárangur og námsframvinda .....</i>	<i>8</i>
<i>Brautskráning .....</i>	<i>9</i>
<b>C) Starfsmenn, stjórnun og samstarf við aðra .....</b>	<b>9</b>
<i>Fjöldi starfsmanna .....</i>	<i>9</i>
<i>Meðalaldur starfsmanna, allir .....</i>	<i>10</i>
<i>Aldursdreifing og menntun kennara .....</i>	<i>10</i>
<i>Jafnréttisáætlun, staða í árslok 2020 .....</i>	<i>11</i>
<i>Samstarf við aðra .....</i>	<i>11</i>
<b>D) Mat á skólastarfi, markmið og árangur.....</b>	<b>12</b>
<i>Mat á skólastarfi.....</i>	<i>12</i>
<i>Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun .....</i>	<i>13</i>
<i>Áhersluverkefni – framvinda og ávinnungur .....</i>	<i>15</i>
<b>E) Fjármál – rekstur FVA.....</b>	<b>16</b>
<b>G) Prófill FVA .....</b>	<b>17</b>
<b>H) Fylgiskjöl .....</b>	<b>20</b>
<i>Tímalínur.....</i>	<i>20</i>



## Inngangur

Árið 2020 var frábært ár í FVA því þann 1. janúar tók til starfa nýr skólameistari sem leggur áherslu á lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti. Nýr stofnana samningur var undirritaður 13. mars 2020 sem færði kennurum langþráðar kjarabætur, þ.e. hækku á grunnröðun um einn launaflokk og mat á 4ra ára starfsreynslu (einn launaflokkur). Áskoranir á árinu voru fjölmargar, enda skólastarf með óhefðbundnu móti á árinu. Það hófst með samkomubanni stjórnvalda og skóalokun sem setti miklar skorður og einkenndust starfshættir aðallega af fjarkennslu og fjarvinnu. Verklegir áfangar voru kenndir í staðkennslu meðan stætt var en allt bóklegt nám fór að mestu fram í fjarkennslu sem reyndi verulega á í fyrstu en gekk betur á seinni hluta ársins. Mötuneyti skólangs var lokað um tíma á vorönn og nemendur heimavistar sendir heim, þó fengu verknámsnemar á heimavist að snúa aftur þegar sóttvarnarreglur leyfðu. Nemendur höfðu lagt hart að sér til að setja upp leiksýningu en hún komst aldrei í almennar sýningar vegna Covid-19. Stjórnenda- og skrifstofuteymi skiptist á að vinna heima, fundir fóru fram á Teams og upplýsingaflæði og samráð var mikið, á haustönninni eingöngu þurfti að bregðast við átta reglugerðum um sóttvarnar. Það er óhætt að segja að reynt hafi á þolgæði, útsjónarsemi og aðlögunarhæfni starfsfólks á árinu. Brautskráning um vorið var lengi í óvissu en tókst vel á endanum því loks var gefið út að 200 manns mættu koma saman og gátu útskriftarnemar m.a.s. haft með sér 2 gesti. Við brautskráningu í desember máttu einungis 25 koma saman og var því útskrifað í tveimur hópum, fyrst af iðnbrautum og síðan úr bóknámi. Báðum athöfnunum var streymt.

Þegar horft er um öxl á árið 2020 er þetta helst: Allir eru tilbúnir til að leggja hart að sér þegar á reynir. Fundir eru nú styttri og árangursríkari. Mikilvægi góðs samstarfsfólks og vinnufélaga er orðið augljósara. Ýmsar reglur hafa verið endurskoðaðar. Nýtt sjónarhorn á vinnufyrirkomulag hefur litið dagsins ljós, unnið er með frumkvæði og lausnir. Upplýsingaflæði er greiðara. Samstaða myndast þrátt fyrir einangrun og fjarvinnu. Bjartsýni og jákvæðni ríkja þrátt fyrir allt.

Í fylgiskjali er [tímalína](#) aðgerða og viðbragða tengt reglum um samkomubann hverju sinni.

## A) Nemendur

Á vorönn 2020 voru 430 nemendur í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2020 voru 538 nemendur skráðir í skólann.

**Samsetning nemenda** í dagskóla og í dreifnámi á árinu 2020, miðað við fjölda og kyn:

Vorönn 2020	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfjölda	Konur	Hlutfall kvk af heildarfjölda	Heildarfjöldi
Dagskóli vorönn	206	57%	155	43%	361
Dreifnám vorönn	49	71%	20	29%	69
<b>Samtals</b>	<b>255</b>	<b>59,3%</b>	<b>175</b>	<b>40,7%</b>	<b>430</b>


  

Haustönn 2020	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfjölda	Konur	Hlutfall kvk af heildarfjölda	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	252	58%	179	42%	431
Dreifnám haustönn	70	65%	37	35%	107
<b>Samtals</b>	<b>322</b>	<b>60%</b>	<b>216</b>	<b>40%</b>	<b>538</b>



## Fjölbrautaskóli Vesturlands

ó Akranesi



Um 65% fjölgun varð í dreifnámi á haustönn 2020 miðað við haustönn 2019. Ætla má að fjölgunina megi rekja til aðgerða stjórnvalda vegna atvinnuleysis á Covid-19 tímum sem m.a. leiddi til aukinnar eftirspurnar í dreifnám, bæði í tréiðn og sjúkraliðanám. Óvenju fjölmennur hópur var tekinn inn í tréiðn og einnig var tekinn inn nýr hópur í sjúkraliðanámið (að jöfnu hefði ekki verið tekinn inn hópur fyrr en að ári).

Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 voru 450.

### Þróun nemendafjölda


Í töflunni er yfirlit yfir þróun nemendafjölda í dagskóla frá haustönn 2016:

H - 2016	V - 2017	H - 2017	V - 2018	H - 2018	V - 2019	H - 2019	V - 2020	H - 2020
437	367	433	384	434	386	404	361	431

### Hlutfall nemenda eftir búsetu

Í hópi nemenda (allir) á vorönn 2020 voru karlar/piltar 255 en konur/stúlkur 175, samtals 430 nemendur. Á haustönn 2020 voru karlar/piltar 322 en konur/stúlkur 216, samtals 538 nemendur. Um 75% þeirra voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit sem er ívið lægra hlutfall en á síðasta ári og um 25% annars staðar að sem er ívið hærra hlutfall: Þessa breytingu má að líkindum rekja til tölverðrar fjölgunar nemenda í dreifnámi. Hér fyrir neðan er tafla yfir hlutfallstölur nemenda eftir búsetu á árinu 2020 og svo mynd sem sýnir þróun síðastliðin 5 ár.

Lögheimili	Vorönn 2020	Haustönn 2020
Akranes	73%	71%
Hvalfjarðarsveit	6%	4%
Borgarnes og Borgarfjörður	6,7%	6%
Aðrir staðir á Vesturlandi	6,3%	8%
Utan Vesturlands	8%	11%
Samtals	100%	100%





*Samsetning nemenda eftir aldri og kyni*

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á vorönn 2020						Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á haustönn 2020					
	Karlar		Konur				Karlar		Konur		
Fæðingarár	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	Alls	Fæðingarár	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	Alls
1970 og fyrr		4	1	4	9	1970 og fyrr		6		5	11
1971 - 1980		7	1	6	14	1971 - 1980		15		11	26
1981 - 1990		18		6	24	1981 - 1990		19		12	31
1991					0	1991	2	1			3
1992	1	3	1	1	6	1992	4	3	1	1	9
1993		5	1	1	7	1993		6		2	8
1994		4	1		5	1994		6			6
1995	1	2		1	4	1995	2	1	2		5
1996		6	2	1	9	1996		10	2	1	13
1997	4				4	1997	5	4	1	1	11
1998	8		1		9	1998	2		2	2	6
1999	10		4		14	1999	6		1	2	9
2000	19		10		29	2000	10		6	2	18
2001	53		41		94	2001	42		23		65
2002	63		40		103	2002	59		38		97
2003	46		52		98	2003	48		47		95
2004	1				1	2004	70		55		125
<b>Samtals</b>	<b>206</b>	<b>49</b>	<b>155</b>	<b>20</b>	<b>430</b>	<b>Samtals</b>	<b>250</b>	<b>71</b>	<b>178</b>	<b>39</b>	<b>538</b>

Vorönn 2020

16-19 ára, fjöldi samtals 296 nemendur, 69% af heildarfjölda  
 20-24 ára, fjöldi samtals 65 nemendur, 15% af heildarfjölda  
 25 ára +, fjöldi samtals 69 nemendur, 16% af heildarfjölda

Haustönn 2020

16-19 ára, fjöldi samtals 317 nemendur, 59% af heildarfjölda  
 20-24 ára, fjöldi samtals 122 nemendur, 23% af heildarfjölda  
 25 ára +, fjöldi samtals 99 nemendur, 18% af heildarfjölda

## B) Nám

### *Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat*

Í gildi er 16. útgáfa skólanámskrár FVA sem er frá því í ágúst 2019. Skólanámskrá er endurskoðuð reglubundið meðal annars með það að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar (styður heimsmarkmiði SP um að auka gæði menntunar í framhaldsskólum). Þar er fjallað um skólastarfið almennt, námsramboð, kennsluhætti, þjónustu o.fl. Sjá [Skólanámskrá](#). Í [kafla 2.3](#) er fjallað um námsmat, miðannarmat, verkefnaskil og prófreglur.

FVA starfar samkvæmt áfangakerfi. Skólaárið samanstendur af tveimur jafngildum önum sem lýkur með námsmati. Miðað er við að ljúka stúdentsprófi á þremur árum og verknámi á þremur og hálfu til fjórum árum. Nemendur velja sjálfir áfanga á hverri önn í INNU í samráði við áfangastjóra og námsráðgjafa. Nemendur hafa aðgang að kennsluáætlun, stundatöflu og bókalista í INNU. Kennslustundir eru 55 mínútur, tvöfaldur tími er einu sinni í viku í hverjum áfanga. Vegna Covid-19 breyttust kennsluhættir á árinu frá því að vera nær eingöngu staðkennsla í að vera fjarkensla að mestu leyti eða eingöngu á tímabilum þar sem sóttvarnarreglur heimiluðu ekki staðkennslu. Próun kennsluháttá á árinu bar merki þessa. Áhersla var þó lögð á að halda úti staðnámi í verklegri kennslu í iðnnámi og á starfsbraut.

Leitast er við að hafa námsmat í öllum áföngum fjölbreytt þar sem ólíkum matsaðferðum er beitt. Um miðja önn fer fram leiðbeinandi miðannarmat og í lok annar eru tíu námsmatsdagar þar sem blandast saman símat, leiðsagnarmat



## Fjölbraudaskóli Vesturlands

á Akranesi

og lokapróf. Símat jókst á árinu 2020 í samræmi við breytta kennsluhætti og samhliða fækkaði nokkuð hefðbundnum lokaprófum.

### Námsframboð

Í töflu er yfirlit um námsframboð hjá FVA á árinu 2020. Á heimasíðu eru aðgengilegar frekari upplýsingar um [Námsframboð](#) og [Brautalyssingar](#):

Námsframboð	Brautir á vorönn 2020	Brautir á haustönn 2020
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
Nám til stúdentsprófs	Félagsfræðabraut (FÉL) Náttúrufræðabraut (NÁT) Opin stúdentsbraut (OS)* Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)	Félagsfræðabraut (FÉL) Náttúrufræðabraut (NÁT) Opin stúdentsbraut (OS)* Viðbótanám til stúdentsprófs (VIS)
Iðnnám	Námsbraut í rafvirkjun (RK8) Námsbraut í rafvirkjun (RK9) Námsbraut í rafvirkjun (RAF) Námsbraut í húsasmíði (HÚ8) Námsbraut í húsasmíði (HÚS)	Námsbraut í rafvirkjun (RK8) Námsbraut í rafvirkjun (RK9) Námsbraut í rafvirkjun (RAF) Námsbraut í húsasmíði (HÚ8) Námsbraut í húsasmíði (HÚS)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8) Grunnnám málmiðna (MG) Námsbraut í vélvirkjun (VS8) Grunnnám bíliðngreina (GB)	Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8) Grunnnám málmiðna (MG) Námsbraut í vélvirkjun (VS8) Grunnnám bíliðngreina (GB)
	Sjúkraliðabraut (SJ) Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJ) Sjúkraliðabraut (SJÚ)
	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir		
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann		

\*Á opinni stúdentsbraut geta nemendur sérhæft sig á eftirtöldum sviðum: Íþrótt- og heilsusvið; Lista- og nýsköpunarsvið; Opið svið; Tungumálasvið; Tónlistarsvið og Viðskipta- og hagfræðisvið.


Á haustönn 2020 var hafin athugun á hvort setja ætti á fót nýja braut í dreifnámi, félagsliðabraut. Niðurstaðan var að hefja undirbúning að því á vorönn 2021 með það að markmiði að boðið verði upp á námið á haustönn 2021.



### Skipting nemenda á námsbrautir

Nemendur á vorönn 2020, samtals 430, skiptust þannig á námsbrautir:

Vorönn 2020 Námsbrautir	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildar- fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraut	FRH	16	69,57%	7	30,43%	23	5,35%
<b>Framhaldsskólabraut alls</b>						<b>23</b>	<b>5,35%</b>
Félagsfræðabraut	FÉL	11	22,45%	38	77,55%	49	11,40%
Náttúrufræðabraut	NÁT	28	37,33%	47	62,67%	75	17,44%
Opin stúdentsbraut	OS	42	44,68%	52	55,32%	94	21,86%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	4	80,00%	1	20,00%	5	1,16%
<b>Nám til stúdentsprófs alls</b>						<b>223</b>	<b>51,86%</b>
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	4	80,00%	1	20,00%	5	1,16%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1	100,00%		0,00%	1	0,23%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	43	95,56%	2	4,44%	45	10,47%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	49	92,45%	4	7,55%	53	12,33%
Grunnnám málmiðna	MG	9	100,00%		0,00%	9	2,09%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	28	93,33%	2	6,67%	30	6,98%
<b>Iðnnám alls</b>						<b>143</b>	<b>33,26%</b>
Sjúkraliðabraut	SJÚ		0,00%	1	100,00%	1	0,23%
Sjúkraliðabraut	SJ		0,00%	10	100,00%	10	2,33%
<b>Sjúkraliðabréautir alls</b>						<b>11</b>	<b>2,56%</b>
Ótilgreint nám	ÓTN	2	28,57%	5	71,43%	7	1,63%
<b>Ótilgreint nám alls</b>						<b>7</b>	<b>1,63%</b>
Starfsbraut	ST4	18	78,26%	5	21,74%	23	5,35%
<b>Starfsbraut alls</b>						<b>23</b>	<b>5,35%</b>
<b>Samtals</b>						<b>430</b>	<b>100,00%</b>






## Fjölbrautaskóli Vesturlands

á Akranesi

Nemendur á haustönn 2020, samtals 538, skiptust þannig á námsbrautir:

Haustönn 2020		Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildar- fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraud	FRH		21	70,00%	9	30,00%	30	5,58%
<b>Framhaldsskólabraud alls</b>							<b>30</b>	<b>5,58%</b>
Félagsfræðabraud	FÉL		8	15,09%	45	84,91%	53	9,85%
Náttúrufræðabraud	NÁT		25	40,32%	37	59,68%	62	11,52%
Opin stúdentsbraut	OS		46	38,02%	75	61,98%	121	22,49%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS		3	100%	0		3	0,56%
<b>Nám til stúdentsprófs alls</b>			82	34,31%	157	65,69%	<b>239</b>	<b>44,42%</b>
Námsbraut í rafvirkjun	RAF		59	95,16%	3	4,84%	62	11,52%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8		9	90,00%	1	10,00%	10	1,86%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9		1	100,00%		0,00%	1	0,19%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS		76	88,37%	10	11,63%	86	15,99%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8		1	50,00%	1	50,00%	2	0,37%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL		20	100,00%			20	3,72%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8		30	896,77%	1	3,23%	31	5,76%
<b>Iðnnám alls</b>			196	92,45%	16	7,55%	<b>212</b>	<b>39,41%</b>
Sjúkraliðabraud	SJÚ		3	9,68%	28	90,32%	31	5,76%
<b>Sjúkraliðabraud alls</b>							<b>31</b>	<b>5,76%</b>
Ótilgreint nám	ÓTN		2	66,67%	1	33,33%	3	0,56%
<b>Ótilgreint nám alls</b>							<b>3</b>	<b>0,56%</b>
Starfsbraut	ST4		17	73,91%	6	26,09%	23	4,28%
<b>Starfsbraut alls</b>							<b>23</b>	<b>4,28%</b>
<b>Samtals</b>							<b>538</b>	<b>100%</b>





Á myndinni hér fyrir neðan má sjá skiptingu nemenda á námsbrautir eftir kyni, nemendur á ársgrundvelli (meðaltal nemenda beggja anna er 484 (V2020 430; H2020 538)):



### Brottfall, námsárangur og námsframvinda

**Brottfall** nemenda á vorönn 2020 var 4,3% eininga sem er 0,20% minna en á vorönn 2019 (því skal haldið til haga að brottfall á haustönn 2019 var 2,1% hærra (eða 6,4%) en hærra mæling var rakin til innleiðingar nýs vinnulags við úrvinnslu fjarvista nemenda).

Þegar skólinn lokaði í samkomubanni í mars 2020 fækkaði úrsögnum úr áföngum og skýrir það minna brotthvarf á vorönn 2020 miðað við annirnar á undan. Skýring á fækkun er þó ekki einhlít en mögulega reyndist fjarnámið auðveldara fyrir einhverja nemendur (þurftu t.d. ekki að koma í skólan í staðkennslu, heldur mættu í gegnum Innu eða Teams). Mögulega var aðhald frá foreldrum einnig meira en í hefðbundnu skólaári (hluti þeirra meira heima á tímum Covid-19). Þá var gefinn frekari slaki af hálfu stjórnenda.

Brottfall nemenda á haustönn 2020 var 5,5% eininga sem er 1,10% lækkun frá haustönn 2019.

Rýna þarf allar tölur vel og greina brotthvarfshópinn hverju sinni. Rétt er að halda því til haga að hluti nemenda byrjar í boklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbraut síðar á námstímanum en brautaskipti teljast ekki brottharf. Með breytingum á Innu er fyrirhugað er að halda sérstaklega utan um brautaskipti en kynjahlutfall milli bók- og verknáms er sterkt vísbending um að nemendur sem skipta um braut séu flestir drengir.

Ætið er hugað að líðan nemenda og að veita þeim stuðning í námi til að auðvelda þeim að ljúka námi með góðum árangri á áætluðum námstíma (3 ár til stúdentsprófs, 4 ár til brautskráninga af iðnnámsbrautum). Á því sérstaka ári 2020, í heimsfaraldri vegna Covid-19, var leitast við að aðstoða nemendur sem stóðu höllum fæti í náminu í einhverju tilliti, enn betur en áður; þjónustunni sinntu náms- og starfsráðgjafar í 1,25 stöðugildi og geðhjúkrunarfræðingur í 25% starfshlutfalli (samstarf við Heilbrigðisstofnun Vesturlands) með aðkomu kennara og stuðningi stjórnenda. Námsaðstoð var einnig veitt í Verinu þegar sóttvarnarreglur leyfðu.

Einnig er skólinn þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og vinnur í gegnum það að því að styðja nemendur til heilbrigðs lífsstíls á öllum tímum.

**Meðaleinkunn** í skólanum á vorönn 2020 var 6,8 og fallprósenta 15% en á haustönn 2020 var meðaleinkunn í skólanum 7,0 og fallprósenta 14,9%.

Á grundvelli þessa má ætla að Covid-19 hafi haft óveruleg áhrif á árangur. Hins vegar verður framtíðin að leiða í ljós hvort raunveruleg áhrif voru meiri, þ.e. þegar nemendur eru komnir lengra í námi sínu.

**Námsframvinda;** hér er átt við á hve löngum tíma nemendur ljúka námi. Eftirlit með námsframvindu og aðgerðir til eftirfylgni og úrbóta þegar þess þarf við er í samræmi við áherslur yfirvalda um að fjlóga nemendum sem ljúka prófi á tilskyldum tíma (styður við heimsmarkmið SP). Í töflu hér neðar er yfirlit yfir námsframvindu næstliðinna ára. Nokkur fjöldi nemenda lýkur námi til stúdentsprófs á 3,5 eða 4 árum en horft er til þess að aukinn og markviss stuðningur við nemendur fjlógi í hópi þeirra sem brautskrást á áætluðum námstíma. Þá er rétt að halda því til haga að hluti nemenda



## Fjölbautaskóli Vesturlands

á Akranesi

byrjar í bóklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbraut síðar á námstímanum. Eftirlit með námsframvindu tengist m.a. markmiðum kjarnastarfsemi í stefnumiðaðri áætlun. Sjá yfirlit árangur síðastliðinna þriggja ára:

	Loknar einingar a.m.k. 40 eftir 1. ár;	Loknar einingar a.m.k. 80 eftir 2. ár;	Brautskráning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall
Vor 2018	82,90%	76%	43%
Vor 2019	83%	92%	44%
Vor 2020	84%	86%	44%

### Brautskráning

Brautskráningarathöfn á vorönn 2020 var þann 29. maí og voru 65 nemendur brautskráðir. Brautskráningarathöfn á haustönn 2020 var þann 18. desember og brautskráðir voru 48 nemendur.

Yfirlit yfir brautskráða á vorönn 2020 og haustönn 2020:

Brautskráðir frá FVA	Vorönn 2020 kk	Vorönn 2020 kvk	Haustönn 2020 kk	Haustönn 2020 kvk	Árið 2020 kk/kvk
Stúdentspróf	14	20	11	12	57
Brautskráning af iðnbraut	15	3	18	1	37
Brautskráning af starfsbraut	1	1			2
Meistaránám			1		1
Brautskráning af sjúkraliðabraut		7			7
Lokið viðbótarnámi eftir brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut	2	2	1		5
Lokið stúdentsprófi og brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut			3	1	4
Samtals	32	33	34	14	113
Samtals hvor önn		65		48	113

Skólastarfið 2020 var óvenjulegt í FVA eins og í öðrum framhaldsskólum vegna sóttvarnarráðstafana vegna Covid-19 og setti það svip sinn á nám og kennslu. Var það fært í annála sem eru aðgengilegir á heimasíðu FVA:

[Annáll vorannar 2020](#)

[Annáll haustannar 2020](#)

### C) Starfsmenn, stjórnun og samstarf við aðra

#### Fjöldi starfsmanna

Fjöldi starfsmanna FVA á vorönn 2020: 46 kennrar í 39,25 stöðugildum. Aðrir starfsmenn voru 20 sem inntu af hendi 15,76 störf. Einn var í fæðingarorlofi, tveir í námsleyfi.

Fjöldi starfsmanna á haustönn 2020: 47 kennrar í 41,8 stöðugildum. Aðrir starfsmenn voru 21 og sinntu störfum í 16,76 stöðugildum. Einn var í námsleyfi.



## Fjölbautaskóli Vesturlands

á Akranesi

Kennrarar samtals 46 (39,25 stöðugildi) á vorönn 2020 og 47 (41,8 stöðugildi) á haustönn 2020.

Kyn	Vorönn 2020			Haustönn 2020		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	24	53,19%	21,69	24	48,94%	22,2
Konur	22	46,81%	17,56	23	51,06%	19,6
Heildarfj.	46		39,25	47		41,8

Á næsta ári liggur fyrir að fimm kennrarar verði sextugir og fái kennsluaflátt sem samsvarar 1,25% stöðugildi.

Aðrir starfsmenn samtals 20 (15,76 stöðugildi) á vorönn 2020 og 21 (16,76 stöðugildi) á haustönn 2020.

Kyn	Vorönn 2020			Haustönn 2020		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	2	9,52%	1,5	3	14,29%	2,5
Konur	18	90,48%	14,26	18	85,71%	14,26
Heildarfj.	20		15,76	21		16,76

### Meðalaldur starfsmanna, allir

Meðalaldur starfsmanna	Árið 2020		
	Heildin	Karlar	Konur
Meðallífaldur, ár	51,13	51,2	51,6
Meðalstarfsaldur, ár	8,33	9,58	7,56

### Aldursdreifing og menntun kennara

Aldursdreifing kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og í hlutastarfi var eftirfarandi:

Aldur í árum	Vorönn 2020				Haustönn 2020			
	Í fullu starfi	Í hlutastarfi	Heild	Í fullu starfi	Í hlutastarfi	Heild	Í fullu starfi	Heild
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	kk/kvk	kk/kvk
20 - 29	4	0	0	0	4	0	0	3
30 - 39	0	3	3	1	7	0	3	9
40 - 49	1	4	1	4	10	1	3	10
50 - 59	8	2	0	2	12	0	3	12
60 - 69	6	4	2	1	13	3	0	13
Samtals	19	13	6	8	46	4	9	47

Á vorönn var 31 kennari í fullu starfi (33 á haustönn) og voru allir utan fjórir með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Þá voru 15 kennrarar í hlutastarfi á vorönn (14 á vorönn) og meirihluti þeirra (12) með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum:



Menntun	Vorönn 2020					Menntun	Haustönn 2020					
	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk		Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur				Karlar	Konur	Karlar	Konur	
MA/MS/PhD+UK	4	8	1	4	17	MA/MS/PhD+UK	5	8	2	5	20	
BA/BS+UK	3	5	1	4	13	BA/BS+UK	3	4	1	4	12	
BA/BS	2	0	1	0	3	BA/BS	1	1	0	0	2	
Iðnm. +UK	7	0	1	0	8	Iðnm. +UK	8	0	0	0	8	
Iðnmeistari	2	0	2	0	4	Iðnmeistari	2	0	1	0	3	
Sveinspróf	0	0	1	0	1	Sveinspróf	1	0	0	0	1	
Annað						Annað				1	1	
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>13</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>46</b>	<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>13</b>	<b>4</b>	<b>10</b>	<b>47</b>	

Stjórnendateymi skólans 2020 skipuðu skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og gæðastjóri/verkefnastjóri mannaúðsmála. Í byrjun nóvember var staða aðstoðarskólameistara auglýst skv. lögum. Bárust þrjár umsóknir og hófst þá formlegt ráðningarferli með aðkomu ráðningarástofu. Ferlinu lauk 30. nóvember þegar sitjandi aðstoðarskólameistari var endurráðinn til næstu fimm ára. Samtals 9 deildarstjórar störfuðu á árinu, 5 karlar og 4 konur sem héldu utan um eftirfarandi verkefni/námsgreinar:

#### Verkefni/námsgreinar deildarstjóra

Starfsbraut (KVK)	Tréiðngreinar (KK)
Málmiðngreinar (KK)	Tungumál (KVK)
Rafiðngreinar (KK)	Íslenska, listir (KVK)
Stærðfræði, tölvufræði, viðskiptagreinar (KK)	Raungreinar, heilbrigðisgreinar og íþróttir (KK)
Samfélagsgreinar, saga og lífsleikni (KVK)	

#### Jafnréttisáætlun, staða í árslok 2020

Jafnréttisáætlun skólans er fylgt þó viða þurfi að gera betur í jafnréttismálum; Jafnréttisráð er meðvitað um að eitt er að hafa markmið í áætlun sem er gott og gilt en annað er að fylgja henni eftir og ná raunverulegum árangri í jafnréttismálum: Það er framtíðarverkefni! Upplýsingar um stöðu aðgerða í jafnréttisáætlun FVA gagnvart settum markmiðum og niðurstöður jafnréttisvísa, miðað við 31.12.2020 eru aðgengilegar í [Jafnréttisáætlun FVA, skýrsla v. 2020](#).

#### Samstarf við aðra

Skólinn er í formlegu samstarfi með Fjölbautaskóla Suðurlands og Fjölbautaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál. Haldinn var brískólfundur 3. febrúar 2020 í FSU með fræðslu og samveru. Samstarfsfundir voru síðan haldnir á Teams, sá síðasti í desember 2020 þegar útséð var um að hægt væri að halda jólfund saman. Auk þess er haldið góðu sambandi við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbautaskóla Snæfellinga um ýmis fagleg mál. Skólinn á einnig margvislegt samstarf við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, t.d. varðandi innritun, félagslíf í skólanum, mat á námi úr Tónlistarskólanum á Akranesi o.fl.

Einnig er haft samstarf við grunnskólanana two á Akranesi um kynningu á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum og náðist að heimsækja þá áður en heimsfaraldur skall á. En vegna hans fengu grunnskólar í nágrannasveitarfélögum enga heimsókn þetta árið. Haldin var árleg stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi til að vekja áhuga nemenda á stærðfræði. Fyrirtæki á svæðinu styrktu keppnina með framlögum sem notuð eru í verðlaunafé.

Skólameistari skrifaði í byrjun júlí ásamt fleiri aðilum undir viljayfirlýsingum um samstarf um þróunarfélag og nýsköpunarsetur sem verið er að koma á fót á Breið á Akranesi. Þar verður FabLab-kennsla í framtíðinni en húsnaðið var ekki tilbúið til að taka á móti nemendum í haust svo áfram var kennt í gamla Landsbankahúsinu.



## Fjölbautaskóli Vesturlands

á Akranesi

Samstarf við Akraneskaupstað er gott og var haldinn fundur 13. maí til að ræða mál sem varða bæði grunn- og framhaldskólastig. Einnig var félagsmiðstöðin Þorpið/Hvíta húsið heimsótt 4. september og skoðaðir ýmsir samstarfsfletir. Skólinn fékk á árinu listaverk að láni úr listaverkasafni bæjarins sem nú prýða veggi skólans. Vikulegir fundir eru haldnir í stoðteymi FVA með fulltrúum frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar.

Skólinn er í samstarfi við Heilsugæslu Vesturlands um nemendaþjónustu og greiðir HVE 12,5% starfshlutfall geðhjúkrunarfræðings í skólanum á móti 12,5% FVA. Einnig er gjöfult samstarf við HVE um nám og kennslu á sjúkraliðabraut.

Ekkert varð af erlendu samstarfi á árinu 2020 vegna Covid-19.

Samstarf er gott við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi sem úthlutuðu skólanum styrk í ágúst sem sótt var um í Sóknaráætlun Vesturlands vegna verkefnisins „Fjórða iðnbyltingin og skólar á Vesturlandi“.

Skólameistari situr í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar var haldinn 15. júní í Borgarnesi.

Fundað var um að taka upp aftur samstarf við Stóriðjuskólan en því miður var fyrirhugaðri kennslu þar frestað vegna Covid-19.

Gerður var samstarfssamningur í september við Húsasmiðjuna um kennsluefni í tréiðngreinum og við Vinnuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis o.fl.

Haldnir voru tveir skólanefndarfundir á árinu, þann 25. maí ([fundargerð](#)) og 30. nóvember (á Teams, [fundargerð](#)).

## D) Mat á skólastarfi, markmið og árangur

### **Mat á skólastarfi**

Sem fyrr voru gerðar ýmsar kannanir á árinu sem skólinn stóð fyrir eða tók þátt í en niðurstöður eru nýttar til leiðsagnar um hvað gengur vel og hvar þarf að gera betur. Umfjöllun um niðurstöður og mat er birt í árlegum [skýrslum um innra mat](#) í lok hvers skólaárs. Kannanir á árinu 2020 voru eftirfarandi:

*Kennslukönnun* sem gerð er á hverri önn. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri mati sínu á kennslu og námi.

*Stutt könnun í samkomubanni* var lögð fyrir bæði á vorönn og haustönn til að fá hugmynd um líðan nemenda í fjarnámi þegar skólanum var lokað vegna Covid-19.

*Framhaldsskólapúlsinn* (árleg könnun á meðal framhaldsskólanema - niðurstöður nýttar til að meta og árangur af þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag). FVA tók ekki þátt í könnuninni árið 2020 en staðfest er þátttaka á vordögum 2021.

*Ungt fólk 2020 - Rannsókn og greining.* Könnun um menntun, menningu, samband við foreldra, heilsu, líðan og vímuefnaneyslu ungmannna í framhaldsskólum; framkvæmd annað hvert ár; framkvæmd í sept. 2020.

*Þjónustukönnun* bar sem starfsfólk, nemendur og forráðamenn, meta skilgreinda þjónustubætti hjá skólanum hefði átt að framkvæma á árinu en vegna Covid-19 var ákveðið að fresta henni fram á vorönn 2021.

*Innra mat* er framkvæmt árlega í samstarfi skólameistara, aðstoðarskólameistara og gæðastjóra. Skýrslu um niðurstöður er skilað til ráðuneytisins. Markmið með matinu er að veita upplýsingar um starfshætti skólans og árangur, stuðla að umbótum og vera liður í skólaþróun. Jafnframt er það verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum).

*Stofnun ársins.* Starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis sem Gallup heldur utan um var lögð fyrir starfsfólk febrúar-apríl 2020. Helstu niðurstöður eru þær að FVA fær 3,98 stig í heildarmati sem er mun betri niðurstaða en 2019 þegar stigin voru 3,47. Svarhlutfall í FVA óx úr 39% í 60% milli ára en það eitt og sér verður að teljast góður árangur. Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnum, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Það er skemmt frá því að segja að allar tölur hækkuðu en mesta hækkun fá stjórnun (hækkun um 1,12 stig), ánægja og stolt (0,63 stig) og launakjör (0,64 stig). Unnið verður að því fram að



## Fjölbautaskóli Vesturlands

ó Akranesi

næstu könnun vorið 2021 að gera enn betur á öllum sviðum. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru birtar í [skýrslum um innra mat](#) á vef skólans en þær eru einnig aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#).

*Ytra mat* fer fram á nokkurra ára fresti, þ.e. úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á því að framhaldsskólar uppfylli skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Síðasta úttekt á FVA fór fram árið 2017. Skýrslur yfir [niðurstöður ytra mats](#) eru birtar á vef skólans.

### Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun

Ný stefnumiðuð áætlun FVA til þriggja ára, í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, var sett á árinu 2020. Í áætluninni/stefnuskjalnu koma fram sett markmið fram til 2023, aðgerðir og mælikvarðar sem eru lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi fyrir starfsemina og ráðstöfun fjármuna í völdum þáttum. Skólameistari ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin samræmist stefnunni. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir markmið, aðgerðir og árangur á árinu 2020 (litir í dálkinum staðan í árslok 2020: Grænn; markmiði náð. Gulur; í vinnslu og framþróun. Rauður; í vinnslu en undir áætlun). [Stefnumiðaða áætlunin/stefnuskjalið](#) í heild er aðgengilegt á vef skólans.

Markmið 2020-2023 Kjarnastarfsemi	Aðgerðir	
<b>A1 Að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku</b>	<p>A1.1 Endurskoða námsefni og kennsluhætti í áfanganum ÍSAN, skilgreina þarfir nemenda sem taka áfangann og grípa markhópinn tímanlega. Nýir nemendur verði skráðir í áfangann að undangengnu innritunarviðtali. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p> <p>A1.2 Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku og innleiða mentorkerfi þar sem leitað er til nemenda í FVA með að sinna þessum nýju nemendum með jafningafræðslu. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p> <p>A1.3 Bæta almennt námsrárangur (og fjölgum loknum einingum) nemenda með annað tungumál en íslensku, með því að beina þeim í úrræði eins og Verið, stoðþjónustu skólans, fá sérstaka umsjón o.fl. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p>	
<b>Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020</b>	Vor 2020	Árslok 2020
Loknar einingar innritaðra nem. með annað móðurmál á ári (viðmið 2021 er 42)	38,5	<span style="background-color: yellow;"></span>
Brotthvarf (hætta eftir skólaárið án þess að útskrifast) (viðmið 2021 er <5%)	7%	<span style="background-color: yellow;"></span>
Brautskráðir (viðmið 2021 25% af innrituðum H2017)	17%	<span style="background-color: yellow;"></span>
Árangur 2020: Aðgerðir til uppfyllingar markmiðum voru skilgreindar á árinu en ekki komnar til framkvæmda í lok ársins nema að takmörkuðu leyti sem er í samræmi við áætlun.		
<b>A2 Að styðja sérstaklega við nemendur sem innritast með D á samræmdu grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut)</b>	<p>A2.1 Endurskoða námskrá á FRH næstu þrjú ár og brautskrá formlega af brautinni en það hefur ekki tilkast hingað til, fyrst vor 2021 ef hægt er. Undirbún. hefst á vorönn 2021.</p> <p>A2.2 Bæta við verkefnastjórn með nemendur á FRH, bjóða þeim áhugasviðskönnun hjá námsráðgjafa og innritunarviðtal að vori. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p> <p>A2.3 Efla Verið, jafningafræðslu í stærðfræði og íslensku a.m.k. Undirbúningur hefst á vorönn 2021</p>	
<b>Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020</b>	Vor 2020	Árslok 2020
Loknar einingar á skólaári (viðmið 2021 er 42)	35,6	<span style="background-color: yellow;"></span>
Hlutfall útskrifaðra (0, ekki verið formleg brautskráning), í fyrsta sinn haust 2021	-	á e.v.
Skráning í áframhaldandi nám (eru í námi á þriðju önn) (viðmið 2021 er >95%)	94%	<span style="background-color: yellow;"></span>
Árangur 2020: Aðgerðir til uppfyllingar markmiðum voru skilgreindar síðla árs 2020 og koma ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2021.		
<b>A3 Að auka fjölbreytni í námsframboði og hlutdeild skapandi greina</b>	<p>A3.1 Skilgreina skapandi greinar, þarfagreining og greina markhóp/a. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p> <p>A3.2 Fjölgja nemendum í skapandi greinum, t.d. með því að bjóða upp á valáfanga eins og FabLab, MeMa, EMPO o.fl. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p> <p>A3.3 Bæta aðstöðu fyrir skapandi nám; kynna okkur aðstöðu í öðrum skólum. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.</p>	
<b>Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020</b>	Vor 2020	Árslok 2020



## Fjölbautaskóli Vesturlands

á Akranesi

Hlutfall skapandi greina af námsframboði (viðmið 2021 er 2 áfangar á önn)	1		4	
Loknar einingar nem. (33) í skapandi greinum (viðmið 2021 er 2 áfangar á önn)	-		165	
Val - kyngreindar tölur (23 konur og 10 karlar) í loknum einingum (viðmið 2021 tekur mið af árangri 2020 og er 25 kvk og 25 kk)	-	23 kvk	10 kk	

Árangur 2020: Það hefur verið markmið FVA frá 2018 að efla fjölbreytt og gott bók- list- og starfsnám. Lagður var grunnur að námsframboði skapandi greina með valáfanga í myndlist 2019 og á vorönn 2020 var valáfangi í myndlist í boði og lauk með sýningu í Leirbakariðni í maí. Á haustönn 2020 var í fyrsta sinn innritað á [lista- og nýsköpunarsvið](#) í FVA og voru tveir myndlistaráfangar í boði, grunnáfangi í myndlist og í ljósmyndun. Á haustönn 2020 tók FVA í fyrsta skipti þátt í MenntaMaskínu sem er nýsköpunaráfangi sem kenndur er í samstarfi við FabLab í Reykjavík. Þá var á haustönn 2020 kenndur óvenjulegur áfangi, EMPO2EX05 Empowerment, þar sem sköpunarkraftur nemenda var virkjaður með sjálseflingu, tjáningu og pælingum um tilfiningar, nánd og mörk. Á haustönn voru keyptar trönur og skjávarpi fyrir kennslu í grafískri hönnun. Þá er í bígerð að kynna sér aðstöðu fyrir myndlist og skapandi greinar í öðrum skólum og verður farið af stað með það um leið og aðstæður leyfa vegna smithættu og samkomutakmarkana.

Markmið 2020-2023 Rekstrarþættir	Aðgerðir			
B1 Að efla mannauð og ímynd FVA	<p>B1.1 Bæta þætti sem lægstir mælast í SFR könnun (laun, ímynd og jafnrétti) og hækka einkunn FVA; endurskoða stofnanasamninga en nýr stofnanasamningur við kennara var undirritaður vorið 2020 eftir áralangt þóf. Endurskoðun á áætlun fyrir lok árs 2021. Aðrir stofnanasamningar teknir upp vorið 2021.</p> <p>B1.2 Bjóða upp á og taka starfsmannasamtöl reglulega og markvisst næstu þrjú árin, endurskoða starfsmannastefnu, huga að samskiptasáttmála og innleiða áfram lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti. Vinnuhópur hóf vinnu að mannauðsstefnu á árinu og með aðkomu starfsmanna, í anda lýðræðislegra vinnubragða er ætlað að hún liggi fyrir vorið 2021.</p> <p>B1.3 Standast úttekt á jafnlaunakerfi og hljóta jafnlaunavottun. Innri úttektir og launagreining unnin á árinu. Kerfið tekið út í des. 2020 og viðhaldsvottun staðfest án athugasemda. Áfram unnið að virku jafnlaunakerfi og viðhaldsvottun í des. 2021.</p>			
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020	Vor 2020	Árslok 2020		
Staða FVA í Stofnun ársins (viðmið 2021 er 4,2)	3,98			
Fjöldi starfsmannasamtala (viðmið 2021 er 100%)	50%			
Standast úttekt fyrir jafnlaunavottun (viðmið 2021 er staðfest vottun)	Vottun			
Árangur 2020: Í SFR könnun ársins 2020 var einkunn FVA 3,98 sem er risastökk en árið 2019 var einkunn FVA 3,47 (næstlægsta einkunn í framhaldsskóla).				
B2 Bæta stafræna þjónustu og gagnavörlu	<p>B2.1 Innleiðing á Office365 hófst 2019 og er nú lokið og innleiðing á GoPro hófst 2020. Boðið upp á skipulagða GoPro og Office365 fræðslu fyrir stjórnendur og námsráðgjafa. Kom til framkvæmda á árinu og verður viðhaldið áfram á árinu 2021, s.s. með reglubundnum örfundum fyrir notendur GoPro um skjölun mála og áframhaldandi fræðslu fyrir kennara um rafræna kennsluhætti o.fl. (Inna og Teams).</p> <p>B2.1 Hefja innleiðingu á rafrænum undirskriftum ráðningarsamninga gegnum Orra. Undirbúningur hófst á árinu og gert ráð fyrir að tvær fyrstu rafrænu undirskriftirnar yrðu í janúar 2021. Undirbúningur að því að allir ráðningarsamningar, þ.m.t. rafrænar undirskriftir þeirra, fari í gegnum Orra á árinu 2021.</p> <p>B2.3 Smíða nýjan vef FVA með rafrænum skráningarmöguleikum. Undirbúningur að nýjum vef skólans hófst á árinu og í lok árs lá fyrir að hann færi í loftið í janúar 2021 og reynir þá m.a. á möguleika hans á Opnum dögum 2021 þar sem nemendur geta skráð sig á viðburði. Rafræn eyðublöð fyrir umsóknir (afrekssvið, námsstyrkur) voru komnar á vefinn í árslok 2020 ásamt möguleika á rafrænum tilkynningum um einelti og ofbeldi. Á vorönn 2021 verður unnið að því að greina rafrænar tilkynningar sem eiga að vera mögulegar gegnum vefinn og setja þær upp.</p>			
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020	Vor 2020	Árslok 2020		
Fjöldi skjala í GoPro (viðmið 2021 er 750 mál og 5600 skjöl; málín voru 343 í árslok 2020 og samtals 2600 skjöl m.v. okt. 2020 (í árslok 2019 var málafjöldinn 29 mál og 170 skjöl)	-		343	



Rafræn eyðublöð á vef (viðmið 2021 er 50%)	-			
Rafræn undirskrift ráðningarsamninga (viðmið 2021 er 50%)	-			
<b>B3 Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og ýta undir vistvænar samgöngur</b>		<p>B3.1 Innleiða Græn skref og viðhalda Grænfána. Innleiðing Grænna skrefa hófst 2020, einu skrefi var lokið og viðmið sett um að 2021 yrði þremur skrefum lokið. Krafa ráðuneytis er að öllum fimm skrefum verið lokið fyrir lok árs 2021 og verður vinnu við innleiðingu á árinu hraðað í samræmi við það. Aðstoðarskólameistari og formaður umhverfisnefndar leiða vinnuna. FVA fékk afhentan Grænfánann árið 2019. Formaður umhverfisnefndar skólans fylgir málum eftir og vinnur að því að tryggja endurnýjun árið 2021.</p> <p>B3.2 Koma upp hleðslustöð fyrir rafbíla við skólann. FVA fékk styrk frá Orkusjóði til að koma upp hleðslustöð fyrir rafbíla og verður hún reist á vegum Ísorku þegar frost fer úr jörðu á vordögum 2021.</p> <p>B3.3 Hvetja til orkusparandi aðgerða og skrifa loftslagsstefnu. Hafin vinna í des. 2020 að því að fræða starfsfólk og nemendur um mögulegar orkusparandi aðgerðir, þ.m.t. gera samgöngusamninga við starfsfólk. Á vorönn 2021 verður haldið áfram að hvetja nemendur og starfsfólk til orkusparandi aðgerða, kynna loftslagsstefnu og aðgerðalista til að uppfylla hana.</p>		
<b>Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020</b>		Vor 2020	<b>Árslok 2020</b>	
Græn skref, gátlistar (Viðmið 2021 er öll fimm skrefin)	-		1	
Grænfáni endurnýjaður (Viðmið fyrir endurnýjun er árið 2021)	Grænfáni			
Notkun hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í Kw. Viðmið verða sett þegar stöðin hefur verið tekin í gagnið. (Viðmið er vorið 2021)	-			
Loftslagsstefna fyrirliggjandi ásamt aðgerðarlista (Viðmið 2023 en verður hraðað)	-			

### Áhersluverkefni – framvinda og ávinnungur

Til viðbótar við aðgerðir tengdum markmiðum stefnumiðaðrar áætlunar eru fjölmörg önnur áhersluverkefni í gangi á hverjum tíma. Væntur ávinnungur er skilgreindur í hverju verkefni fyrir sig eftir því sem við á. Mikilvægt er að rýna reglubundið hvort framvinda er í samræmi við hann en bregðast við ef út af ber og eftir atvikum rétta kúrsinn.

Eftirfarandi verkefni voru á dagskrá á árinu 2020 og verða áfram í vinnslu á næsta ári/árum.

- Mótun heildstæðrar stefnu um nám og kennslu – menntastefna sem tryggir samræmi milli stefnu skólans, gildandi stefnu yfirvalda og skólayfirvalda í nærsamfélaginu (styður jafnframt við heimsmarkmið Sþ um að auka gæði menntunar í framhaldsskólum).
- Gerð og innleiðing gæðahandbókar á vefnum til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu
- Heilsueflandi framhaldsskóli, gátlisti Landlæknis, nær til starfsmanna og nemenda; móton aðgerða í framhaldi. Ávinnungur af velheppnuðum aðgerðum birtist m.a. í góðri líðan starfsmanna og nemenda í könnunum.
- Forvarnaraðgerðir gegn heilsuspillandi lífsstíl sem hamrar í námi og starfi með það að leiðarljósi að nemendur og starfsfólk tileinki sér heilbrigðan lífsstíl sem endurspeglast í bættri líðan.
- Úttekt á skólahúsnaði og heimavist og áætlun um eftirfylgni til að tryggja góðan aðbúnað vistarbúa.
- Mat á starfsemi deilda (samtöl og skýrslur) til að fylgja eftir og aðlaga hana þörfum nemenda hverju sinni.
- Vinna áfram gegn brotthvarfi úr námi með markvissum aðgerðum og stuðningi.
- Lýðræðislegir starfhættir þróaðir áfram með virkri aðkomu starfsmanna og nemenda að umbótaverkefnum; styður m.a. við nútímalega stjórnunarhætti.
- Virkt jafnréttisstarf sem birtist m.a. í aukinni þáttöku stulkna í félagsstarfi innan skólans.
- Spornað gegn matarsónum í samstarfi við umhverfisnefnd og mótneyti; ávinnungurinn styður uppfyllingu Grænna skrefa og heilbrigðan lífsstíl.
- Vinna að nýsköpun í rekstri, s.s. með fjarfundum.
- Fullmóta skilvirkniaðgerðir vegna „betri vinnutíma“. Ávinnungur birtist m.a. í upplifun starfsmanna á því að þeir njóti sveigjanleika og nái betra jafnvægi milli starfs og fjölskyldu.
- Greina möguleika mannauðskerfis til að halda utan um menntunarstig starfsfólks, starfsmannaveltu og fjarvistir; styður við bætta stjórnun.



## Fjölbautaskóli Vesturlands

Ó Akranesi

- Vinna stöðugt að því að jafna kynjadreifingu í verknámi þar sem karlar eru í meirihluta (heimsmarkmið SP), m.a. með því að leitast við að fá konur til kennslu og vinna með hvernig megi styðja konur í náminu. Framvinda metin í innra mati á hverri önn.

### E) Fjármál – rekstur FVA

	2020	2019
Aðrar rekstrartekjur	-5.472.000	-5.076.000
<b>Samtals aðrar rekstrartekjur</b>	<b>-5.472.000</b>	<b>-5.076.000</b>
Sértekjur	-36.453.572	-32.244.344
<b>Samtals sértekjur</b>	<b>-36.453.572</b>	<b>-32.244.344</b>
Dagvinna	442.440.667	368.838.164
Vaktaálag	1.830.494	1.909.176
Aukagreiðslur	11.853.811	14.590.244
Yfirvinna	76.865.872	65.762.328
Launatengd gjöld	123.630.960	105.458.919
Orlof	7.834.182	369
<b>Samtals launagjöld</b>	<b>664.455.986</b>	<b>556.927.704</b>
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	0	32
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	133.251	89
Fundir, námskeið og risna	2.050.697	1.581.417
Akstur	691.477	1.712.712
<b>Samtals ferðir og fundir</b>	<b>2.875.425</b>	<b>3.415.113</b>
Tímarit, blöð og bækur	1.023.212	1.060.025
Skrifstofuvörur og áhöld	1.939.794	3.494.191
Aðrar vörur	15.416.221	11.568.663
<b>Samtals rekstrarvörur</b>	<b>18.379.227</b>	<b>16.122.879</b>
Tölву og kerfisfræðibjónusta	8.824.922	8.028.992
Önnur sérfraeðibjónusta	10.330.870	11.576.906
Sími og ýmis leigugjöld	5.429.972	6.652.050
Prentun, póstur, augl., flutningar	1.438.866	1.081.422
<b>Samtals aðkeypt bjónusta</b>	<b>26.024.630</b>	<b>27.339.370</b>
Húsaleiga og aðk. ræsting	178.702.808	172.820.417
Rafmagn og heitt vatn	6.616.900	7.739.492
Verkkaup og byggingavörur	633.039	1.638.685
Fasteignagjöld og tryggingar	102.448	97
<b>Samtals húsnæði</b>	<b>186.055.195</b>	<b>182.295.989</b>
Verkstæði og varahlutir	282.097	1.825.258
Brennsluefni og olíur	15.067	10



Fjölbautaskóli Vesturlands  
ó Akronesi

<b>Samtals bifreiðar og vélar</b>	<b>297.164</b>	<b>1.835.564</b>
Vextir, bætur, skattar	136.601	97
Afskriftir eigna	10.075.271	9.611.323
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>10.211.872</b>	<b>9.708.294</b>
Framlag ríkissjóðs	-857.209.184	-762.076.361
102 Framlag til afskrifta	-10.075.271	-9.618.442
<b>Samtals framlag ríkissjóðs</b>	<b>-867.284.455</b>	<b>-771.694.803</b>
<b>Rekstrarafkoma</b>	<b>-910.528</b>	<b>-11.370.234</b>

Ársvelta á árinu 2020 var kr. 909,7 milljónir og afkoman 0,9 millj. kr. samanborið við 11,3 milljónir á árinu 2019. Hrein eign FVA er skv. efnahagsrekningi 85,8 milljónir í árslok og eignir samtals 185,6 milljónir.

Sértekjur skólans á árinu námu 41,9 millj. kr. samanborið við 37,3 millj. kr. á árinu 2019.

Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 857,2 millj. kr. árið 2020 samanborið við 762,1 millj. kr. á árinu 2019.

Heildargjöld skólans á árinu 2020 námu 909,0 millj. kr. en á árinu 2019 voru heildargjöldin 798 millj. kr.

Árið 2020 var sérstakt ár fyrir margra hluta sakir. Á árinu var undirritaður nýr stofnanasamningur á milli KÍ og FVA sem hafði verið í farvatninu í langan tíma. Við undirritun var gengið frá eingreiðslu til félagsmannna að fjárhæð kr. 400 þúsund á hvern starfsmann sem starfað hafði í fullu starfi við FVA þrjú ár á undan og hlutfallslega til annarra kennara. Kostnaðurinn við eingreiðsluna nam rúmlega 15 millj. króna og einnig varð umtalsverð hækkuð á launalið stofnunarinnar vegna kjarabóta sem samningnum fylgdu.

Covid 19 hafði einnig áhrif á bókhald stofnunarinnar þar sem skólinn var lokaður stóran hluta ársins og stór hluti kennslu fór fram í fjarkennslu. Þar af leiðandi voru tekjur af leigu á húsnæði heimavistar mun lægri en ráð var gert fyrir, sem og tekjur vegna sölu fæðis í móttuneyti FVA. Á móti kom að almennur rekstrarkostnaður m.a. vegna húshitunar, rafmagns, innkaupa á pappír, matvöru o.fl. lækkaði. Innkaup á tækjabúnaði til fjarkennslu og sérfræðiþjónusta vegna aukinnar umsýslu kerfisstjóra jukust. Kennslumagn í dreifnámi var svo aukið á haustönn 2020 í kjölfar verkefnisins Nám er tækifæri og eingreiðsla til starfsmanna FVA vegna Covid álags hækkuðu launalið umfram það sem rekstraráætlun hljóðaði upp á.

Í upphafi árs 2021 barst FVA svo viðbótarfjárframlag frá MRN vegna fjölgunar nemenda og uppbætur vegna Covid að fjárhæð kr. 34,7 milljónir vegna ársins 2020 en um miðjan janúar voru 36,7 millj. kr. færðar af viðskiptareikningi FVA við Ríkissjóð og settar í varasjóð MRN.

## G) Prófíll FVA

### Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Fjölbautaskóli Vesturlands er með um 480 nemendur og um 70 starfsmenn í alls um 55 stöðugildum (meðaltal alls ársins). Skólinn starfar í um 7.330 m<sup>2</sup> húsnæði auk rúmlega 1.250 m<sup>2</sup> heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 voru 450.

### Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2020 voru 84% nemenda í dagskóla og 16% í dreifnámi. Á haustönn 2020 voru 80% nemenda í dagskóla og 20% í dreifnámi. Sjá skiptingu nemenda eftir brautum í töflu á bls. 6 og 7 í þessari ársskýrslu.



#### Framkvæmd markmiða:

Fjöldi markmiða var settur fram til þriggja ára í uppfærðri áætlun/stefnuskjali á árinu 2020. Hluti þeirra á rót í eldri markmiðum en önnur þeirra eru ný. Til viðbótar er yfirlit yfir önnur áhersluverkefni og aðgerðir sem tengast skólastarfinu. Sjá nánar á bls. 13-15.

#### Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu báttum skólastarfsins og starfseminnar fer fram árlega og eru niðurstöður teknað saman í skýrslu sem skilað er til ráðuneytisins, síðast í september 2020. [Skýrslur um Innra mat](#) eru aðgengilegar á vef skólans. Á árinu var unnið að því að efla sjálfsmat og lýðræðisleg vinnubrögð með því m.a. að stækka þann hóp sem kemur að innra mati og auka og bæta samtal skólastjórnenda við starfsmenn og nemendur. Nýtt verklag verður styrkt enn frekar á árinu 2021, m.a. með aðkomu fleiri hagsmunaðila en starfsmanna og nemenda og nýta niðurstöður til umbóta.

#### Úttektir:

[Úttekt á starfsemi Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi sem Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast árið 2017](#). Niðurstaðan er aðgengileg á vef FVA.

#### Rekstrarstaða, afkoma:

Ársvelta á árinu 2020 var kr. 909,7 millj. og afkoman 0,9 millj. kr. samanborið við 11,3 millj. á árinu 2019. Hrein eign FVA er samkvæmt efnahagsreikningi 85,8 millj. kr. í árslok og eignir samtals 185,6 milljónir.

#### Brottfall:

Brottfall (% eininga) á vorönn 2019 var 4,5% eininga en 6,4% eininga á haustönn.

V-2015	H-2015	V-2016	H-2016	V-2017	H-2017	V-2018	H-2018	V-2019	H-2019	V-2020	H-2020
3%	4%	2,70%	2,50%	2,80%	4,50%	2%	3,40%	4,50%	6,40%	4,3%	5,50%

#### Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, gæðastjóra og níu deildarstjóra.

#### Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.




### Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem þjónar nemendum úr nágrannasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á vélvirkjun, húsasmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði dreif- og helgarnám í vélvirkjun, húsasmíði og á sjúkraliðabraut. Við skólann er starfrækt heimavist með plássi fyrir 30-60 nemendur og öflug starfsbraut.

Sérstaða FVA felst m.a. í afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf á svæðinu, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.

Akranesi, 11. maí 2021

  
Steinunn Inga Óttarsdóttir  
skólameistari

  
Dröfn Viðarsdóttir  
aðstoðarskólameistari



## Fjölbautaskóli Vesturlands

in Akranesi

### H) Fylgiskjöl

#### Tímalínur

Tímalínur aðgerða og viðbragða á árinu 2020 tengdar gildandi reglum hverju sinni um samkomubann vegna Covid-19

